

Nd.

447. Breytingartillaga

[20. mál]

við frv. til laga um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Sigurvin Einarssyni.

Aftan við frv. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Meðan ekki hefur verið komið á verðtryggingu meginhluta innlánsfjár í bönkum og öðrum lánastofnunum, skulu lög þessi ekki ná til lífeyrissjóða einstakra stétta, nema að fengnu samþykki viðkomandi stéttarféлага.

Meðan ekki hefur verið komið á verðtryggingu meginhluta innlánsfjár í bönkum og öðrum lánastofnunum, skulu lög þessi ekki ná til fjárfestingarsjóða, sem njóta framlaga frá atvinnuvegunum, nema að fengnu samþykki viðkomandi stéttarsamtaka, Stéttarsambands bænda varðandi stofnlánadeild landbúnaðarins, Landsambands íslenzkra útvegsmanna varðandi fiskveiðasjóð, stofnlánadeild sjávarútvegsins og fiskimálasjóð og Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna varðandi iðnlánasjóð.

Meðan ekki hefur verið komið á verðtryggingu meginhluta innlánsfjár í bönkum og öðrum lánastofnunum, skulu falla niður vísitöluhækkanir á lánum Húsnæðismálastofnunar ríkisins samkv. lögum nr. 19 10. maí 1965.